



STARFSLEYFISSKILYRÐI

fyrir mengandi starfsemi fyrir

Sláturfélag Suðurlands svf.

Fossnesi 800 Selfoss

kt. 600269-2089

1. GILDISSVIÐ OG ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur sláturhúss, frysti- og kælieininga og verkstæðis í ofangreindri starfsstöð fyrirtækisins. Í viðauka eru starfsleyfisskilyrði fyrir brennsluofn sem starfræktur er á staðnum.
Ársframleiðsla starfsstöðvarinnar eru um 5.990 tonn af matvælum eða 25 tonn á dag. Matvæli eru framleidd m.a. úr sauðfjár-, nauta-, svína- og hrossakjöti. Vatnsnotkun er um 307 tonn á sólarhring.
Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.
- 1.3 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, samþykktum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum.
- 1.4 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.5 Starfsleyfi skal endurskoða að jafnaði á fjögurra ára fresti. Jafnframt er útgefanda starfsleyfis heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, t.a.m. ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri fyrirtækisins, ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem leiða til betri mengunarvarna eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi.
Með mengun er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og/eða skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis.
- 1.6 Starfsleyfishafi skal veita Heilbrigðiseftirliti Suðurlands upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar



að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.

- 1.7 Starfsleyfið ásamt starfsleyfisskilyrðum fellur úr gildi ef starfsemin skiptir um eigendur eða húsnæði. Skal rekstraraðili sækja um starfsleyfi að nýju ef halda á rekstrinum áfram undir nýrri kennitölu eða á nýjum stað. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður.
- 1.8 Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.
- 1.9 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfseminnar, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal fyrirbyggja tjón eða bæta úr tjóni sem þegar hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfisumsókn og starfsleyfi í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar sem og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðu sinni eða með öðrum aðgengilegum hætti.
- 1.11 Um aðbúnað starfsmanna og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. UMHVERFI

- 2.1 Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skipuleggja orku- og efnanotkun á sem vistvænastan hátt.
- 2.2 Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS), m.s.br..
- 2.3 Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir, þ.m.t. sorpgeymslur, skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfi eða nágranna og eftir atvikum takmarka aðgengi og/eða byrgja innsýn á svæðið, t.d. með skjólgirðingu, jarðvegs- eða gróðurmön. Komið skal í veg fyrir að úrgangur og/eða annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð fyrirtækisins.

3. MENGUNARVARNIR

- 3.1 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.
- 3.2 Starfsleyfishafi skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum. Ísogbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks og nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem



- starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.
- 3.3 Eftir því sem við á skal athafnasvæði fyrirtækisins eða hlutar þess lagt vökvaheldu yfirborði með niðurföllum tengdum við viðeigandi mengunarvarnarbúnað, sbr. gr. 3.21.
- 3.4 Starfsleyfishafi skal ávallt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð til allra þrifa, t.a.m. með notkun umhverfissvottaðra hreinsiefna. Þvottur véla og vélarhluta skal, eftir því sem við á, fara fram á olíuheldu plani með frárennsli tengt við olíuskilju eða í þar til gerðum þvottavélum með lokuðu kerfi.

Úrgangur

- 3.5 Við meðferð úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er.
- 3.6 Úrgangur skal flokka eftir því sem tók eru á til endurvinnslu eða endurnýtingar. Á sorpgámum og ílátum fyrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvaða úrgangur má fara í viðkomandi gám eða ílát. Úrgangur sem flokkast sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, skal geyma í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni.
- 3.7 Um meðferð og geymslu olíuúrgangs fer skv. reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, m.s.br. Olíuúrgangur skal geyma á viðeigandi hátt og skila til viðurkenndrar söfnunar- eða móttökustöðvar. Óheimilt er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatn, grunnvatn, sjó, jarðveg eða fráveitu. Jafnframt er óheimilt að blanda olíuúrgangi saman við annan úrgang.
- 3.8 Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera heil og henta fyrir þann úrgang sem í þau fer og vera, eftir því sem við á, vökvaheld, lokanleg og þétt. Hindra skal aðgang meindýra, vargfugls og annarra dýra að úrgangsgeymslum.
- 3.9 Öll söfnun, urðun, brennsla eða önnur meðferð úrgangs á athafnasvæði fyrirtækisins er óheimil. Allan úrgang skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna.

Meðferð efna

- 3.10 Geyma skal öll efni og efnablöndur í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- 3.11 Hættuleg efni og efnablöndur skulu meðhöndluð af sérstakri varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 3.12 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum. Öryggisblöð vegna hættulegra efna skulu vera á íslensku.
- 3.13 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er draga úr notkun hættulegra efna og myndun spilliefna, m.a. með notkun umhverfissvottaðra staðgengilsefna, endurnýtingu eða endurhæfingu efna.



Meðferð olíu og frágangur olúgeyma

- 3.14 Um meðferð og geymslu olíu og frágang olúgeyma, gasgeyma og álíka búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- 3.15 Olúgeymir skal vera með árekstursvörn og staðsettur á afmörkuðu, olíuheldu plani með frárrennsli tengt við olíuskilju. Olúgeymir skal búinn yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingarvörn. Jafnframt skal hann, eftir því sem við á, útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Heilbrigðiseftirlit getur, ef aðstæður leyfa, samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarnir.
- 3.16 Mengist jarðvegur af olíu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlaður í samræmi við reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir

- 3.17 Um eftirlit og meðferð flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og eftirlit með búnaði sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir fer skv. reglugerðum nr. 970/2013 m.s.br. um efni sem valda rýrnun ósonlagsins og nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir m.s.br. Aðili sem annast viðhald og eftirlit með kæli- og frystibúnaði fyrirtækisins skal hafa til þess tilskilin leyfi, sbr. ákvæði ofangreindra reglugerða í samræmi við efnalög nr. 61/2013 m.s.br.
- 3.18 Um lekaprófun búnaðar sem inniheldur meira en 5 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings (CO_2 -eq tonn), leka greiningarkerfi og skráningar fer skv. ákvæðum 4., 5. og 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006. Lekagreiningakerfi skal vera á þeim búnaði fyrirtækisins sem inniheldur 265 kg af kælimiðlinum R404A sem gefur 1.039 tonn CO_2 -eq. Kerfið skal vara rekstraraðilann eða þjónustufyrirtæki við leka úr kerfinu. Lekaprófun á kerfinu skal vera að a.m.k. á 6 mánaða fresti. Lekaprófun á búnaði fyrirtækisins sem inniheldur 70 kg af kælimiðlinum R422A, sem hefur 220 CO_2 -eq tonn, og 163 kg af kælimiðlinum R449A, sem hefur 228 CO_2 -eq tonn, skal framkvæma á a.m.k. á 6 mánaða fresti. Ef leka greiningakerfi eru sett á þessi kerfi þá skal lekaprófun vera á a.m.k. 12 mánaða fresti. Rekstraraðili og þjónustuaðili skulu koma sér upp og viðhalda skráum um kerfi sem krafist er að séu lekaprófuð og geyma upplýsingarnar í 5 ár. Sjá sniðmát að skraahaldi og nánari upplýsingar á slóð Umhverfisstofnunnar: <https://ust.is/atvinnulif/efni/fluoradar-grodurhusalofteggundir/skraahald-vegna-bunadar/>.

Hávaði

- 3.19 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Loftmengun

- 3.20 Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er með viðeigandi mengunarvarnarbúnaði, sbr. gr. 3.1, og þess gætt að ryk, reykur og lyktarmiklar og/eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi. Þar sem nauðsyn er á loftræstingu út úr vegg skal ávallt sjá til þess að veggur og nærumhverfi haldist hreint.



Fráveitur

- 3.21 Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp. Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum bygginganefndar og heilbrigðiseftirlits. Á fráveitu fyrirtækisins skal vera viðeigandi mengunarvarnarbúnaður, s.s. síur, ristar, olúskilja, sandskilja, fituskilja o.þ.h., í samræmi við eðli og umfang starfseminnar.
- 3.22 Olúskiljur, sandskiljur og fituskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja úrgang til förgunar eða meðhöndlunar á móttökustað sem hefur til þess starfsleyfi.

4. EIGIÐ EFTIRLIT, SKRÁNINGAR OG TILKYNNINGASKYLDA

- 4.1 Starfsleyfishafi skal viðhafa eigið eftirlit og halda skrá um atriði er varða m.a.:
- fyrirkomulag og eftirlit með mengunarvörnum fyrirtækisins, þ.m.t. reglubundnar hreinsanir og viðhald mengunarvarnarbúnaðar,
 - óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu,
 - tegundir og magn hættulegra efna sem notuð eru í rekstrinum,
 - skil úrgangs og spilliefna til móttökustöðva.
- Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.
- 4.2 Tilkynda skal heilbrigðiseftirliti um öll meiriháttar frávik í rekstrinum sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið og/eða varðað almannaeið, sbr. gr. 3.2.

5. GILDISTAKA OG GJALDSKYLDA

- 5.1 Starfsleyfi þetta er veitt til tólf ára í samræmi við 6. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og öðlast gildi við birtingu.
- 5.2 Starfsleyfishafi greiðir árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, eins og hún er hverju sinni.



Viðauki

Starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna fyrir brennsluofna vegna förgunar áhættuvefja frá sláturhúsum

Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1. Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir brennsluofn til brennslu á sláturúrgangi frá sláturhúsi Sláturfélags Suðurlands að Fossnesi á Selfossi.
Heimilt er að brenna sláturúrgang í áhættuflokki 1 og þær sláturleifar í áhættuflokki 2 sem ber að hitameðhöndla fyrir nýtingu eða urðun, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 108/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis, auk áorðinna breytinga.
Heimilt er að brenna allt að 260 tonnum af ofangreindum sláturúrgangi á ári. Hámarksmagn í brennslu pr. sólarhring er 3 tonn.
Rekstraraðila er óheimilt að taka við sláturúrgangi til brennslu frá öðrum aðilum.
- 1.2. Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda um það viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.3. Rekstraraðili ber ábyrgð á að lögum og reglum sem eiga við um starfsemina sé fylgt, sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.
- 1.4. Viðhaldsáætlun skal vera tiltæk um starfrækslu brennsluofns í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.
- 1.5. Verði rekstri brennsluofnsins hætt skal rekstraraðili í samráði við heilbrigðiseftirlit ganga þannig frá athafnasvæðinu að hvorki skapist mengunar- né slysaætla.

2. Varnir gegn mengun umhverfis

- 2.1. Beita skal bestu fánlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins. Brennsluofninn skal hafa hlotið vottun hjá opinberum aðila á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 2.2. Rekstraraðili skal gera áætlun um viðbrögð við mengunaróhöppum og skulu starfsmenn þjálfaðir í viðbrögðum samkvæmt henni. Í viðbragðsáætlunni skal koma fram hvaða efni gætu valdið mengun, viðbrögð við viðkomandi mengun sem og nöfn og símanúmer þeirra aðila sem tilkynna skal um mengunaróhöpp sem verða, þ.e. viðkomandi heilbrigðiseftirlit, brunavarnir, lögreglu, vinnureftirlit og/eða aðra eftirlitsaðila eftir því sem við á.
- 2.3. Grípa skal tafarlaust til ráðstafana til að stöðva mengun og hreinsa upp þau efni sem þegar hafa lekið í umhverfið. Verði meiri mengun en starfsmenn ráða sjálfir við að fjarlægja, skal gera slökkviliði viðvart um neyðarsíma 112.



- 2.4. Rekstraraðila er skylt að sjá um að á öllu athafnasvæði hans sé gætt fyllsta hreinlætis. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir og er vistað í húsnæði eða á lóð fyrirtækisins skal þannig frágengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágranna og annan almenning.
- 2.5. Geymsla á sláturúrgangi til brennslu skal vera í sérstöku kældu rými innandyrna eða lekaheldri og þéttri kæligeymslu utandyra. Geymsla sláturúrgangs utandyra án kælingar er óheimil.
- 2.6. Brennsluofninn skal staðsettur á lekaheldu undirlagi, svo sem steinsteyptu plani. Ef niðurföll eru í nágrenni skulu þau útbúin þannig að unnt sé að fanga sláturleifar áður en þær berast út í fráveitu við þrif á athafnasvæði.
- 2.7. Einungis er heimilt að nota eldsneyti sem uppfyllir ákvæði reglugerðar nr. 560/2007 um fljótandi eldsneyti til að kynda brennsluofninn. Notkun úrgangsolíu, sláturleifa og/eða annars lífræns úrgangs til kyndingar brennsluofnsins er með öllu óheimil.
- 2.8. Lekavörn skal vera kringum olíutank og utan um hann skal vera árekstaravörn ef tankurinn er staðsettur í akstursleið ökutækja. Rúmmál lekavarnar skal vera að lágmarki til jafns við rúmmál olíutanks.
- 2.9. Takmarka skal loftmengun frá starfsemi eins og kostur er. Loftræstingu skal þannig fyrir komið að hún valdi ekki óþrifum eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi vegna loftmengunar eða lyktar. Útblástursrör skal ná upp fyrir þakbrún aðliggjandi húsnæðis.
- 2.10. Takmarka skal hávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir viðmiðunarmörk fyrir hávaða í samræmi við reglugerð nr. 724/2008, um hávaða.
- 2.11. Stefnt skal að lágmarkun úrgangs hjá fyrirtækinu. Ösku, gjalli og öðru frá brennsluofni skal fargað í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Rekstraraðili skal flokka og endurnýta úrgang eins og kostur er. Úrgangur sem ekki nýtist skal annaðhvort fluttur til endurnýtingar annarsstaðar eða til förgunar á viðurkenndum förgunarstað. Spilliefni skal ekki geyma til langframa á umráðasvæði fyrirtækisins. Sorphirslur og ílát undir úrgang sem staðsett eru utanhúss skulu vera heil og henta fyrir þann úrgang sem í þau fer og vera, eftir því sem við á, vökvaheld, lokanleg og þétt. Spilliefnum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku gegn afhendingu kvittunar þar sem fram kemur tegund spilliefna, magn og dagsetning.
- 2.12. Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau þrífist ekki eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgengi villtra fugla og spendýra að brennsluofni og úrgangsgeymslu.



3. Innra eftirlit

- 3.1. Rekstraraðili skal viðhafa innra eftirlit með mengandi þáttum starfseminnar. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um eftirfarandi:
- a) Afstöðumynd af brennsluofni sem inniheldur m.a. fráveitulagnir, olútank og hreinsivirki, ásamt breytingum sem gerðar eru á þeim. Skrá skal allar breytingar sem gerðar eru á byggingum og frárennslislögum og varða mengunarvarnabúnað.
 - b) Þjálfun starfsmanna sem starfa við brennsluofn og niðurstöður árlegrar úttektar á ofni í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.
 - c) Viðhald á brennsluofni og tæmingu hreinsivirkja sem eru til staðar.
 - d) Meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. magn og gerð. Gera skal sérstaklega grein fyrir magni þess sláturúrgangs sem brenndur er sem og tímasetningu brennslu. Rekstraraðila ber að skila skýrslu þar um fyrir 1. maí ár hvert sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.
 - e) Hitastig í brennsluofni mælt við innvegg á meðan brennslu stendur.
 - f) Öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins.
 - g) Kvartanir og/eða athugasemdir sem berast vegna reksturs brennsluofnsins.
- Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum til skoðunar.

4. Losunarmörk og sýnatökur

- 4.1. Heilbrigðisnefnd getur farið fram á ítarlegri upplýsingar varðandi losun mengandi efna frá brennsluofninum ef ástæða þykir, þ.m.t. sýnatökur og mælingar, s.br. ákvæði reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, m.s.br.

5. Eftirlit

- 5.1. Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Heilbrigðisnefnd ber ábyrgð á mengunarvarnaeftirliti og framkvæmd þess undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili greiðir eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá viðkomandi heilbrigðiseftirlits, eins og hún er hverju sinni.

Selfossi, xx. xxxx 202x
F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

xxxxxxx
heilbrigðisfulltrúi